

50 gömlum togurum og til að setja oliukyndingu í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda 16. marz fari ábyrgðin ekki fram úr 75% af kostnaðar- og matsverði skipanna með oliukyndingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

51

20. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.
og viðauka við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 40 15. marz 1951, um breyting á lögum nr. 122 28. des. 1950, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, hef látið fella meginmál hinna frystnefndu laga inn í breytingalögin nr. 122 1950, og gef þau lög út svo breytt:

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafla laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögnum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsg. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.

4. gr.

51

Til ársloka 1954 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf trygginganefnda, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kys. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf trygginganefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

20. marz

II. KAFLI

5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
 - a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 6528.00
Á 2. —	— 4896.00
 - b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 4080.00
Á 2. —	— 3060.00
2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:

Á 1. verðlagssvæði	— 2400.00
Á 2. —	— 1800.00
3. Árlegur fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:

Á 1. verðlagssvæði	— 1200.00
Á 2. —	— 900.00
4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:

Fyrstu 3 mán. eftir lát maka	kr. 600.00 á mán.
Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila	— 450.00 — —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 2448.00
Á 2. —	— 1836.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
 - a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 18.00 á dag.
Á 2. —	— 15.00 — —
 - b. Fyrir aðra:

Á 1. verðlagssvæði	— 15.00 á dag.
Á 2. —	— 12.00 — —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarslegum ástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig fullan einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekkjum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálf, eins og ákveðið er í síðustu málsg. 23. gr. laganna.

7. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsg. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinni kvenna samkv. 27. og 28. gr.

51

20. marz

8. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsg. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignist Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkv. framfærslulögum, en um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Þverskallist framfærslusveit við að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

9. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðursins og ákvæði 2. málsg. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

10. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

11. gr.

Til ársloka 1954 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsg. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

12. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsg. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

13. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

14. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsg. 43. gr. laganna, sem gera sjúkráhúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

51

20. marz

15. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrést þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

16. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu frá 1. janúar 1951 vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur, samkv. 57. gr. laganna:
 - a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkv. sama lið kr. 4080.00.
 - b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400 á ári.
 - c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir systkini, sbr. 5. tölul.
 - d. Bætur til foreldis samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

17. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn auka-iðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkv. 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, auk dagpeninga samkv. 53. gr. laganna, fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

18. gr.

Barnalífeyri samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

19. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

20. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt 3. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1955, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

51

20. marz

Til þess tíma, er í 20. gr. segir, skal 3. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkra-tryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Þar sem sjúkrasamlög eru ekki starfandi, skulu þau stofnuð eigi síðar en svo, að samlagsmenn njóti réttinda frá 1. október 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvæðagreiðslu samkvæmt 29. gr. þeirra laga.
2. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. $\frac{2}{3}$ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
3. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skulu takmarkaðar frekar en þar er gert.
4. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælsvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans þer að greiða samkv. síðari málslið fyrstu máls- greinar 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 17. gr., ef ákveði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 62 krónur á ári að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

22. gr.

Til ársloka 1954 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

23. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal fyrir lok ársins 1951 láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má, að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal Tryggingastofnunin gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum, og hafa samráð og samvinnu við trygginganefndir og héraðsstjórnir um þær tillögur.

IV. KAFLI

24. gr.

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir til ársloka 1954:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna: 51
- a. Kvæntir karlar: 20. marz
- | | |
|--------------------------|------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 390.00 |
| Á 2. — | — 310.00 |
- b. Ókvæntir karlar:
- | | |
|--------------------------|------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 350.00 |
| Á 2. — | — 280.00 |
- c. Ógiftar konur:
- | | |
|--------------------------|----------|
| Á 1. verðlagssvæði | — 260.00 |
| Á 2. — | — 210.00 |
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
- | | |
|--------------------------|------------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 4.65 á viku. |
| Á 2. — | — 3.50 — — |
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
10.8 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
17.4 millj. kr.

25. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgða-ákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu framfærslukostnaðar eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt meðalvísitölu næsta árs á undan.

26. gr.

Í stað ákvæða síðasta másl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

27. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglunga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

28. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1954, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingariðgjöld fyrir árið 1946 samkv. 2. kafla laga nr. 104/1943.

29. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kys það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur sem tryggingargjaldi svarar af þeim fasteignum, sem gjald sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við, þegar framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

51

20. marz

30. gr.
Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á rekstri trygginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 24. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

31. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumannni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir um.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkv. 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

32. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskirteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skirteini á meðan slík frestun varir.

33. gr.

Til ársloka 1954 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

34. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

35. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáiast endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

36. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1951. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 1949, um framlengingu heimilda í l. nr. 92 1948.

Tryggingastofnun ríkisins skal eins fljótt og við verður komið eftir gildistöku þessara laga láta semja og gefa út handbók um tryggingamál, er veiti aðgengilegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um almannatryggingar, einkum réttindi og skyldur hinna tryggðu og annarra aðila, er lögín snerta.

Bráðabirgðaákvæði.

51

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða 20. marz jafna hundraðshlutaþækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar þækkunar.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

52

6. marz

um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar.

Með erindum, dags. 13. desember 1950 og 11. janúar 1951, milli sendiherra Íslands á Spáni og utanríkisráðuneytis Spánar, var gert samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Spánar um að framlengja viðskiptasamning þann milli Íslands og Spánar, er undirritaður var í Madrid 17. desember 1949, til ársloka 1951.

Sú breyting er gerð á samningnum, að hvor samningsaðili um sig skal veita hinum aðilanum, ef þörf gerist, yfirdráttarlán að upphæð allt að 500 000 sterlingspund.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

53

6. marz

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Frakklands.

Hinn 24. janúar 1951 skiptust sendiráð Íslands í París og utanríkisráðuneyti Frakklands á erindum um viðskipti og greiðslur milli Íslands og Frakklands. Samningur sá, er í erindunum felst, gildir til 30. nóvember 1951.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir sölu til Frakklands á 3000 smálestum af nýjum og frystum fiski, 600 smálestum af nýrri, frystri eða saltaði síld og 8000 tunnum af hrognum; enn fremur á niðursoðnum fiski, lýsi o. fl. fyrir 20 millj. franka.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.